




## Hagfræðideild Landsbankans spáir óbreyttum vöxtum

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi stýrivöxtum bankans óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunardegi þann 19. mars.


Vextir hafa verið óbreyttir frá því í nóvember 2012.

### Helstu atriði sem nefndin mun líta til eru:


- Verðbólgan hefur hjaðnað hratt að undanförunu og mældist 2,1% í febrúar.
- Verðbólga án áhrifa húsnæðis er nú 0,8%.
- Kjarnaverðbólga 3 er hinsvegar yfir verðbólgu markmiði (2,9%).
- Samkvæmt skammtímasþá Hagfræðideildar verður verðbólgan 2,5% á fyrsta ársfjórðungi sem er undir spá Seðlabankans (SÍ) (2,7%) frá því í febrúar.
- Gengi krónunnar hefur verið nær óbreytt frá síðustu ákvörðun .
- Hagvöxtur árið 2013 var meiri en SÍ spáði í febrúar. Hagfræðideild hefur áður bent á að hagvöxturinn var [útflutningsdrifinn](#), hagvöxtur af þeim toga gefur almennt ekki tilefni til þess að hækka vexti.
- Raunstýrivextir (m.v. liðna verðbólgu) eru nú um 4% og hafa ekki verið hærri síðan í mars 2008.
- Raunstýrivextir (m.v. verðbólguálag á skuldabréfamarkaði) hafa verið á bilinu 1,8% til 2,8% síðustu vikur.
- Friður hefur náðst á almennum vinnumarkaði og var launahækkunum þar stillt í hóf. Enn á þó eftir að semja við opinbera starfsmenn og gæti nefndin litið til þess við ákvörðun sína.
- Stýrivextir eru nærri lagi samkvæmt Taylor-reglu.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Ársverðbólga eftir 12 mána og 24 mána.  
Meðaltal næstu 5 ár, næstu 10 ár og næstu 5 eftir 5.  
Heimild: Seðlabanki Íslands



- Verðbólguvæntingar markaðsaðila til skemmri tíma lækkuðu milli kannana SÍ, en eru óbreyttar til lengri tíma.
- Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur lækkað nokkuð seinustu mánuði og er nú á bilinu 3,5% til 4,0% eftir því hvaða skuldabréf miðað er við.

### ***Peningastefnunefndin mun halda vöxtum óbreyttum***


Þrátt fyrir hagstæða þróun verðbólgunnar gaf Peningastefnunefndin vaxtalækkun ekki undir fótinn sbr. síðustu fundargerð nefndarinnar. Nefndin taldi að þrátt fyrir að taumhald peningastefnunnar herðist með hjaðnandi verðbólgu þyrftu vextir að öðru óbreyttu að hækka þegar slaki í hagkerfinu snýst í spennu. Skv. febrúarspá SÍ býst bankinn við að það verði á 1. ársfjórðungi 2015.

Á seinasta vaxtaákvörðunarfundi greiddi einn nefndarmaður atkvæði gegn tillögu Seðlabankastjóra um óbreytta vexti og vildi hækka stýrivexti um 0,25 prósentur. Tónninn í síðustu fundargerð Peningastefnunefndar gefur því ekki tilefni til að ætla að vaxtalækkun sé framundan.

Þrátt fyrir nokkra lækkun verðbólgu eru bæði verðbólguálag á skuldabréfamarkaði og verðbólguvæntingar markaðsaðila enn talsvert langt yfir verðbólgu markmiðinu.


SÍ spáir einnig talsverðri hækkun verðbólgunnar á næsta ári, m.a. vegna skuldaniðurfærsluaðgerða ríkisstjórnarinnar.

Samhliða næstu vaxtaákvörðun þann 21. maí gefur SÍ út verðbólgu- og þjóðhagsspá sína. Að öllu jöfnu eru meiri líkur á vaxtabreytingu samhliða nýrri verðbólgu spá en ella.



Fundið út frá mun á A) RIKB19 og RIKS21 og B) RIKB25 og RIKS21.  
Heimild: Kodiak pro, Hagstofa Íslands

### **Stýrivextir samkvæmt Taylor reglu**



Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.